

Heilbrigði dýra / matvælaöryggi

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á reglugerð sem varðar notkun aukaafurða og afleiddra afurða dýra sem eldsneyti í brennsluverum. Reglurnar varða samræmdar kröfur til notkunar kjúklingamykju sem eldsneyti, sem byggja á umhverfissjónarmiðum og heilbrigðissjónarmiðum.
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2014:065:0027:0028:EN:PDF>

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingar á tveimur reglugerðum sem varða kröfur sem gerðar eru til meðhöndlunar stærri villibráðar og skoðun villibráðar eftir aflífun, þar sem varan er seld áður en gert hefur verið að dýrinu (það fláð).
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0633&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett innleiðingarreglugerð um vottorð í tengslum við viðskipti milli ríkja á innri markaðnum með stærri villt spendýr sem ekki hafa verið flegin.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0636&from=EN>

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt breytingar á reglugerð sem varðar merkingu og skráningu nautgripa, og er nú mælt fyrir um rafrænar auðkenningu nautgripa líkt og í sauðfjárrækt og svínarækt. Breytingin hefur einnig áhrif á merkingar á nautakjöti.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0653&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett innleiðingarreglugerð sem breytir tilskipun ráðsins sem varðar aðbúnað gjafadýra af hrossakyni (stóðhestar og hryssur til undaneldis), á þann hátt að dregið er úr kröfum um reglulega sýnatöku og eftirlit, í ljósi þess að sæðistaka og eggjataka á sér jafnan stað árstíðabundið.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0846&from=EN>

Vélknúin ökutæki

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt nýja reglugerð um hámarksáhávaða frá vélknúnum ökutækum og hljóðdempunarkerfi og um beitingar á rammatilskipun 2007/46/EBE um tæknilega staðla fyrir ökutæki. Nýjum stöðlum verður hrundið í framkvæmd í skrefu, hinu fyrsta 1. júlí 2016 fyrir nýjar bifreiðar, 2. skrefi 2020 fyrir nýjar bifreiðar og 2022 fyrir fyrstu skráningu, og 3. skref fyrir nýja bíla 2024 og fyrir fyrstu skráningu 2026. Reglugerðin fellir úr gildi eldri tilskipun um sama efni.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0540&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett reglugerð til framkvæmdar reglugerð ráðsins og þingsins um skilyrði fyrir samþykkt og markaðseftirliti með framleiðslu og gerð mótorhjóla, þríhjóla og fjórhjóla. Reglugerðinni er ætlað að bregðast við tæknipróun og til einföldunar á framkvæmd.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0901&from=EN>

Þrýstibúnaður

Ráðið og Evrópuþingið hafa sett tilskipun um lagasamræmingu um það að bjóða fram á markaði þrýstibúnað. Reglurnar varða einkum gerð búnaðar og öryggisstaðla.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0068&from=EN>

Matvæli

Framkvæmdastjórnin hefur sett breytingareglugerð sem varðar reglur um hvaða kjötvörur geta talist til unninna kjötvara og um notkun viðbætiefna sem heimil eru við vinnslu þeirra.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0601&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett framkvæmdareglugerð sem mælir fyrir um kröfur til framsetningar upplýsinga til neytenda um að matvæli innihaldi ekki eða innihaldi minna magn glúteins.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0828&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett breytingareglugerð sem varðar framleiðsluskilyrði lífrænnar ræktunar í kjúklinga og svínarækt Annars vegar að undanþága til að notast við ólífrænt ræktaðar varphænur til framleiðslu á lífrænt ræktuðum eggum, skv. nánari skilyrðum, er framlengd til 2017. Hins vegar að undanþága til að nota 5% af próteinríku fóðri við framleiðsluna sem ekki stafar af lífrænni framleiðslu er framlengd til 2017.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0836&from=EN>

Lyfjavörur

Ráðið og þingið hafa sett reglugerð sem varðar álagningu gjalda sem greiða skal til Evrópsku lyfjastofnunarinnar vegna eftirlits með aukaverkunum (lyfjagát) mannalyfja.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0658&from=EN>

Framkvæmdastjórnin hefur sett framkvæmdareglugerð um hönnun auðkennismerkis fyrir aðila sem bjóða fram til almennings lyfjavörur í fjarsölu svo og öryggisstaðla til að ganga úr skugga um hvort merkið sé ekta þegar notað.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0699&from=EN>

Leikföng

Framkvæmdastjórnin hefur sett tvær breytingatilskipanir sem varða annars vegar leyfilegt magn TCEP, TCPP og TDCP í leikföngum og hins vegar nikkels.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0079&from=EN>

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0084&from=EN>

Skil á menningarverðmætum

Þann 15. maí var samþykkt ný tilskipun um skil á menningarverðmætum sem eru flutt úr landi með ólögmætum hætti. Tilskipunin tekur til allra hluta sem skilgreindir eru sem mikilvæg menningarverðmæti samkvæmt landslögum í hverju ríki. Mælt er fyrir um að innan þriggja ára skuli hvert ríki hafa sett reglur um skil slíkra hluta. Samvinna stjórnvalda og upplýsingaskipti varðandi skil skulu fara fram innan upplýsingakerfis innri markaðarins (IMI).

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0060&rid=1>

http://ec.europa.eu/enterprise/policies/single-market-goods/internal-market-for-products/cultural-goods/index_en.htm

Búnaður í skipum

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt nýja tilskipun um búnað í skipum sem kemur í stað eldri tilskipunar um sama efni. Markmið tilskipunarinnar er að auka öryggi á hafi úti og koma í veg fyrir mengun sjávar, með því að samræma framkvæmd alþjóðlegra reglna um búnað í skipum innan EES svæðisins og tryggja frjálst flæði slíks búnaðar á innri markaðinum.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0090&rid=1>

Umhverfismál

Framkvæmdastjórn ESB ákvað þann 16. júlí að nýr riðstraumsrafall frá framleiðandanum DENSO skuli flokkast sem nýsköpunartækni sem stuðli að minni útblæstri koltvísýrings einkabíla.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0465&rid=1>

Framkvæmdastjórnin hefur gefið út tilskipun um mat á gæðum eldsneytis. Tilskipun þessi breytir tilteknum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/70 um gæði bensíns og díselolíu.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0077&rid=1>

Framkvæmdastjórnin gaf út tilskipun þann 20 júní sem breytir viðauka 2 við tilskipun þingsins og ráðsins nr. 2006/118/EC um vernd grunnvatns gegn mengun og hnignandi gæðum.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0080&rid=1>

Evrópuþingið og ráðið hafa gefið út reglugerð sem breytir ákvæðum reglugerðar 1013/2006 um flutning á úrgangi. Reglugerðin fjallar sérstaklega um eftirlit með flutningi úrgangs, bæði innan sambandsins og til landa utan þess.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0660&rid=1>

Framkvæmdastjórnin samþykkti í júní reglugerð sem breytir fyrri reglugerð nr. 1418/2007 varðandi útflutning á ákveðnum úrgangi til endurheimtar/endurvinnslu til tiltekinna ríkja sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0733&rid=1>

Fjarskiptabjónusta, upplýsingasamfélagið

Framkvæmdastjórnin hefur birt tilmæli sem ætlað er að auka samræmi þegar kemur að banni við mismunun og fjármögnunarkostum við lagningu breiðbandsstrengja, auk þess að stuðla að samkeppni og bættu fjárfestingaumhverfi á þessu sviði.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32013H0466&rid=1>

Gefin hefur verið út reglugerð um rafræn auðkenni og öryggi rafrænna viðskipta á innri markaðinum. Reglugerðin fellir úr gildi tilskipun 1999/93/EC um rafræna undirskrift. Við núverandi aðstæður er í raun ekki um að ræða sameiginlegan stafrænan innri markað og er reglugerðinni ætlað að fækka hindrunum við rafræn viðskipti og auðvelda notkun rafrænna auðkenna milli landa.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0910&qid=1412684717417&from=EN>

Flutningastarfsemi

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins frá 15. maí fjallar um sjálfvirk neyðarsímtöl bíla sem lenda í umferðaróhappi og er ætlað að tryggja samræmi í framkvæmd milli landa og þar með tryggja vegfarendum samsvarandi grunnþjónustu á öllu evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt ákvörðun þessar skulu öll aðildarríkin hafa komið á fót nauðsynlegu kerfi og búnaði til að taka á móti og bregðast við slíkum neyðarsímtölum eigi síðar en 1. október 2017.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014D0585&rid=1>

Þann 18. júlí gaf framkvæmdastjórnin út reglugerð með ítarlegum reglum um beitingu sekta og dagsekta, afturköllun viðurkenningar á skoðun skipa og um skipulag skoðunar. Reglugerðin skýrir nánar ákvæði 6. og 7. greinar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 391/2009.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0788&rid=1>

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt reglugerð um langtíma fjárframlög til verkefna Siglingaöryggisstofnunar Evrópu á sviði viðbragða við mengun frá skipum og búnaði (skipum/pöllum) sem notaður er við olú- og gasvinnslu.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0911&rid=1>

Evrópusambandið hefur samþykkt reglugerð um gerð reglna og verkferla varðandi innleiðingu takmarkana á hávaða á flugvöllum í anda sk. yfirvegaðrar nálgunar sem þróuð hefur verið af Alþjóða flugmálastofnuninni (ICAO). Ennfremur fellir reglugerðin úr gildi tilskipun 2002/30/EC.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0598&rid=1>

Framkvæmdastjórnin hefur gefið út framkvæmdareglugerð, sem breytir reglugerð 677/2011, varðandi rekstur netkerfa flugumferðarstjórna.
<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0970&rid=1>

Félagaréttur

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt breytingu á tilskipun 2006/43/EC um lögbundna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila. Breytingarnar fjalla meðal annars um starfshætti löggiltra endurskoðunarfyrtækja, endurskoðunarstaðla og rannsókn og refsingar við brotum á endurskoðunarskyldu.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0056&rid=1>

Evrópuþingið og ráðið samþykktu þann 16. apríl reglugerð um sérstök skilyrði varðandi lögbundna endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum, m.a. val þeirra á löggiltum endurskoðendum til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra. Reglugerð þessi fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/909.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0537&rid=1>

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breytingu á reglugerð 1126/2008 sem tekur upp tiltekna alþjóðlega endurskoðunarstaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 um túlkun Alþjóða túlkunarnefndarinnar um reikningsskil nr. 21 varðandi endurskoðun.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0634&rid=1>

Bókun 31

Ráðið hefur samþykkt reglugerð sem framlengir sameiginlegt verkefni sem snýr að þróun nýs evrópsks flugumferðarstjórnarkerfi (SESAR) til ársins 2024. Reglugerðin fjallar m.a. um fjármögnun verkefnisins til ársins 2020, fyrirkomulag framlengingarinnar og skýrslugjöf.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0721&rid=1>

Vinnuréttur

Evrópuþingið og ráðið samþykktu í maí tilskipun um framkvæmd tilskipunar 96/71/EC um útsenda starfsmenn í samhengi við veitingu þjónustu, sem einnig breytir reglugerð nr. 1024/2012 varðandi samvinnu stjórnvalda gegnum upplýsingakerfi innri markaðarins (IMI).

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0067&rid=1>

Neytendavernd

Í júlí samþykkti framkvæmdastjórnin tilmæli um meginreglur varðandi vernd neytenda sem stunda fjárhættuspil á netinu og hvernig koma megi í veg fyrir að ungmenni undir lögaldri stundi fjárhættuspil á netinu. Tilmælunum er einnig ætlað að draga úr hugsanlegu fjárhagslegu tjóni sem hlýst af óhóflegri spilun eða spilafíkn.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014H0478&rid=1>

Hagskýrslugerð

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 715/2014 frá 26. júní breytir viðauka III við reglugerð þingsins og ráðsins nr. 1166/2008 um könnun á samsetningu býla og könnun á framleiðsluaðferðum í landbúnaði, varðandi hvaða upplýsinga skuli aflað í árskönnuninni 2016.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0715&rid=1>

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt reglugerð þar sem birt er vöruskrá ESB fyrir árið 2014 um iðnaðarvörur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 3924/91, og nýta ber við framleiðslukönnun þess árs.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0842&rid=1>

Fjármálaþjónusta

Með tilskipun 2014/51 (Omnibus II) eru innleiddar breytingar á reglum um fjárhagsramma váttryggingafélaga í samræmi við áherslur Lissabon sáttmálans og ákvæða í reglugerð Evrópusambandsins nr. 1094/2010 um evrópska eftirlitsstofnun á sviði váttrygginga og starfstengdra lífeyrissjóða (e. European Insurance and Occupational Pension Authority, EIOPA). Megintilgangur Omnibus II er að innleiða ákvæði um EIOPA en einnig eru ákvæði um mælikvarða fyrir langtímaábyrgð o.fl.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0051&from=EN>

Tilskipun 2014/92/EU er ætlað að bæta reglur um greiðsluþjónustu þegar kemur að neytendavernd og auðvelda neytendum að bera saman ólík kjör banka og annarra greiðsluþjónustustofnana. Tilskipunin kveður á um þrjú meginsvið: Í fyrsta lagi aðgang að innlánsreikningum (e. Payment Accounts) sem tryggir neytendum, óháð búsetu í sama ríki og hlutaðeigandi banki eða lánastofnun, að opna innlánsreikninga fyrir hefðbundin bankaviðskipti. Í öðru lagi að gera samanburð á kjörum lána- og bankastofnana þegar kemur að innlánsreikningum og í þriðja lagi að auðvelda neytendum að skipta um innlánsreikninga og færa viðskipti sín annað, ýmist innan sama aðildarríkis eða milli aðildarríkja.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0092&rid=1>

Samkvæmt tilskipun 2014/59 skulu vera tiltækar tvær viðbragðsáætlanir fyrir fjármálafyrirtæki. Í fyrsta lagi skal hvert fyrirtæki gera viðbúnaðaráætlun um hvernig það hyggst endurskipuleggja rekstur sinn ef það lendir í erfiðleikum eða líkur eru á að það geti ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar. Áætlun þessi skal yfirfarin og samþykkt af eftirlitsaðila og er höfð til hliðsjónar við svokallaða skilaáætlun sem skilameðferðarstjórnvald lætur útbúa fyrir hvert fyrirtæki. Heimilt verður að gera mildari kröfur til mjög smárra fyrirtækja eða fyrirtækja með mjög afmarkaðan rekstur. Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki sem þar falla undir greiði framlag í sérstakan sjóð (e. resolution fund) sem fjármagni bæði beitingu verkfæra skilameðferðarstjórnvaldsins sem og rekstur þess. Samkvæmt tilskipuninni skal sérstakt stjórnvald sjá um framkvæmd ákvæða hennar.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0059&rid=1>

Þann 12. júní voru birtar nýjar reglur um markaði með fjármálagerninga (e. MiFID II og e. MiFIR). Markmið hinnar nýju löggjafar er að auka árangur, stöðu og gagnsæi á markaði með fjármálagerninga. Regluverkið miðar að því að flest viðskipti með fjármálagerninga séu stunduð á grundvelli laga og reglna og lúti eftirliti samevrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði. Komid er í veg fyrir ákveðnar gloppur í viðskiptum með fjármálagerninga og reglur hertar með hátekniviðskiptum (e. algöríþma viðskiptum, e. high frequency trading). Regluverkið eykur gagnsæi og yfirsýn með fjármálamörkuðum, þ.m.t. með afleiðum, sem og samkeppnisskilyrði og reikningsskil viðskipta með fjármálagerninga.

MiFID II: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0065&rid=1>

MiFIR: <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0600&rid=1>

Þann 28 ágúst sl., birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins 5. tilskipun sambandsins nr. 2014/91, um verðbréfasjóði (e. Undertakings for Collective Investment in Transferable Securities, UCITS V). Tilskipunin er liður í heildarendurskoðun á lagaumhverfi verðbréfasjóða innan Evrópusambandsins og miðar sérstaklega að því að herða ákveðnar ráðstafanir á þessu sviði og sérstaklega vernd og réttindi fjárfesta. Tilskipunin kveður á um þrjú lykilatriði. 1) hlutverk vörsluaðila (svo sem hæfi, ábyrgð, umboð og umsjón), 2) þóknun verðbréfasjóða og stjórnenda, 3)viðurlög þar sem kveðið er á um í tilskipuninni að hægt sé að sekta verðbréfasjóði um allt að 5 milljónir evra. Umrædd ákvæði eru sambærileg ákvæðum í tilskipun um fagfjárfestastjóði.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014L0091&rid=1>

Reglugerð 667/2014 kveður á um heimildir Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði (e. European Securities and Markets Authority) að leggja á almennar sektir og tímabundnar sektargreiðslur á umsýslaðila með fjármálagjörninga og önnur fjármálafyrirtæki sem falla undir eftirlitslöggjöf stofnunarinnar.

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32014R0667&rid=1>